

Stefndi, Bragi h/f, greiði stefnanda, Skipasmíðastöðinni Dröfn h/f, kr. 413.525.61 með 8% ársvöxtum frá 28. nóvember 1961 til greiðsludags og kr. 24.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 19. nóvember 1962.

Nr. 38/1962. **Sameinaðir verktakar h/f**

(Eyjólfur Konráð Jónsson hrl.)

gegn

Guðbrandi Guðmundssyni

(Agnar Gústafsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 6. s. m. Hann krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar dæmdrar bótafjárhæðar, og svo málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar hér fyrir dómi af áfrýjanda.

I.

Eins og í héraðsdómi greinir, hlutaðist áfrýjandi ekki til um rannsókn á slysi því, sem mál þetta er af risið, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952. En af gögnum þeim, sem fram eru komin, þykir sýnt, að slysið verði rakið til skorts öryggisbúnaðar af hendi áfrýjanda til varnar grjóthruni í skurð þann, er stefndi vann í á vegum áfrýjanda. Hins vegar er ekki í ljós leitt, að stefnda verði nokkur sök á slysinu gefin. Ber því að staðfesta þá úrlausn héraðsdóms, að áfrýjandi eigi að bæta stefnda tjón hans að fullu.

II.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lögð áætlun Þóris Bergssonar tryggingafræðings um orkutjón stefnda, dags. 15. þ. m. Er hún miðuð við verkamannavinnu og launataxta Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Segir þar venju „að reikna unglingum á tuttugasta aldursári 90% af vinnutekjum fullorðinna, og eftir þann aldur 5% hækkun á ári í 2 ár“. Eru vinnutekjur stefnda, sem fæddur er 22. október 1934, því næst áætlaðar þannig: „Fram til 22. aldursárs er gert ráð fyrir launataxta Dagsbrúnar fyrir almenna verkamannavinnu. Þá er reiknað með 48 dagvinnustundum og 5 eftirvinnustundum á viku, 47½ vikur á ári og 6% orlofi. Þessar tekjur eru síðan lækkaðar, svo sem segir hér að ofan, vegna ungs aldurs“. Stefndi kvæntist 8. desember 1958, 24 ára að aldri. Frá þeim tíma er stuðzt við úrtakstölur Hagstofu Íslands yfir vinnutekjur kvæntra verkamanna. Loks eru lagðir til grundvallar 6% ársvextir til ársloka 1961, en eftir það 7% ársvextir. Er niðurstaða áætlunarinnar sú, að tekjumissir stefnda, miðað við slysdag, nemi kr. 140.700.00. Með hliðsjón af þessu og gögnum, sem rakin eru í forsendum hins áfrýjaða dóms, þykja bætur til handa stefnda samkvæmt 1. kröfulið hans hæfilega ákveðnar kr. 100.000.00 auk tryggingarþóta, sem í héraðsdómi er getið. Fallast þer á ákvæði héraðsdóms, að því er varðar 2. og 3. kröfulið stefnda. Verður áfrýjanda samkvæmt þessu dæmt að greiða stefnda kr. 120.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá stefnudegi í héraði til greiðsludags.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 24.000.00.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Sameinaðir verktakar h/f, greiði stefnda, Guðbrandi Guðmundssyni, kr. 120.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 3. desember 1959 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 24.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur þæjarþings Reykjavíkur 12. maí 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 3. maí, hefur Guðbrandur Guðmundsson, Stóru-Drageyri, Skorradalshreppi, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. desember 1959, gegn Sameinuðum verktökum h/f til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 189.163.17 ásamt 6% ársvöxtum frá 15. janúar 1954 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L.M.F.Í. Til vara krafðist stefnandi þess við munnlegan flutning málsins, að vextir yrðu reiknaðir frá 7. ágúst 1959.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómarans, en til vara, að kröfur stefnanda verði verulega lækkaðar, vextir einungis reiknaðir frá útgáfudegi stefnu, 3. desember 1959, og málskostnaður verði þá látinn niður falla.

Dómarinn hefur leitast við að setta aðiljana, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru svofelldir:

Hinn 15. janúar 1954 vann stefnandi að skurðgreftri á Keflavíkurflugvelli á vegum stefnda. Var skurður þessi ætlaður fyrir skolpleiðslur, og var hann yfirleitt um mannhæðar djúpur, en í honum voru með vissu millibili grafnir eins konar brunnar, er voru mun dýpri en aðalskurðurinn. Vinnutilhögun var þannig háttað, að fyrst var skurðurinn grafinn með vélaskóflu niður á klöppina, en þar sem sú dýpt nægði ekki, var klöppin sprengd. Að sprengingu lokinni fóru nokkrir verkamenn niður í skurðinn og brugðu vírlykkjum á grjót það, er losnað hafði, eða settu það í net. Síðan var grjótið dregið upp úr skurðinum af bifreið með þar til gerðum gálgaútbúnaði að framan og staðsett var á skurðbakkanum.

Stefnandi var einn þeirra manna, er unnu niðri í skurðinum við að koma lausagrjótinu fyrir í vírstroffunum. Skiptust mennirnir á að lyfta steinunum og bregða á þá. Er stefnandi var eitt sinn áðurgreindan dag að lyfta undir stein, meðan einn starfsfélagi hans skyldi smeygja á hann vírlykkju, vildi það slys til, að steinn féll úr skurðbakkanum og lenti á þumal fingri vinstri handar honum, er kramdist það illa, að nema varð af honum fremsta köggul og fjórðung hins næsta.

Stefnandi hefur komið fyrir dóminn og skýrt svo frá, að hann hafi verið að vinna ofan í einum þeirra brunna, er grafnir voru í aðalskurðinn, þegar slysið vildi til. Framkvæmd verksins kveður stefnandi hafa verið þannig háttað, er slysið varð, að á bakka skurðsins hafi verið ekið bifreið með bómu framan á. Bifreiðar-

stjórinn hafi setið í bifreiðinni og stjórnað vír, er grjótið var híft með, en á bakkanum hafi staðið maður, sem stefnandi kveðst ekki muna nafn á, og hafi hann gefið bifreiðarstjóranum merki um, hvenær mætti lyfta eða slaka á. Stefnandi segir, að með honum niðri í brunninum hafi unnið í umrætt sinn Hreinn Kristinsson og maður, að nafni Ingólfur. Í gryfjunni hafi verið steinn, á að gizka 60 pund að þyngd. Kveðst stefnandi hafa lyft enda steinsins upp, svo að félagi hans Hreinn Kristinsson gæti brugðið virlykkju á hann. Meðan stefnandi var að þessu, kveður hann kranabílnum hafa verið ekið fram á skurðbarminn, en við þunga bifreiðarinnar hafi þá fallið steinn úr skurðbakkanum og lent á vinstri hendi honum með þeim afleiðingum, að þumalfingur þeirrar handar marðist í sundur. Ekki mundi stefnandi, hve stór steinn þessi var. Stefnandi kvaðst hafa staðið gegnt bakka þeim, er steinninn datt úr, og minnir, að þumalfingur hans hafi verið ofan á steini þeim, er hann var að lyfta, og hafi steinninn því fallið ofan á hann. Ekki kvaðst stefnandi hafa vitað um, að steinninn væri laus í skurðbakkanum, og enginn hafi aðvarað hann um það. Verkstjóra við verk þetta kveður stefnandi hafa verið Skafta Skaftason, en hann hafi ekki verið viðstaddur, er slysið vildi til.

Vitnið Sveinn Sigurður Haraldsson hefur skýrt svo frá, að það hafi unnið í sama vinnuflokki og stefnandi, er slysið varð. Kveðst vitnið hafa haft þann starfa að standa á skurðbakkanum og hafa gætur á hífingu grjótsins upp úr skurðinum. Vitnið minnir, að fjórir verkamenn hafi verið að vinnu niðri í skurðinum, en man ekki nöfn annarra en stefnanda. Kveðst vitnið þá hafa veitt því athygli, að steinn efst í skurðbakkanum upp undir jarðskorpunni hafi verið í þann veginn að losna, og hafi það þá kallað til mannanna að fara frá. Hafi allir mennirnir gegnt því nema stefnandi og steinninn fallið á vinstri hönd hans og þumalfingurinn marizt, svo að taka varð hann af. Vitnið kvaðst ekki muna, hvað stefnandi eða hver einstakur af mönnunum hafðist að um það leyti, er slysið varð, en segir suma mennina hafa verið bogna yfir steinum, sem þeir hafi verið að bisa við. Ekki gat vitnið sagt, hve langur tími leið frá því, að það sá, að steinninn var að losna, og þar til hann féll, en segist hafa kallað nógu snemma til þess, að stefnandi hefði getað forðað sér, ef hann hefði vikið undan strax. Vitnið kvaðst ekki vera öruggt um, hvort stefnandi hafi heyrt til þess, er það kallaði, en býst við, að stefnandi hafi heyrt kallið. Vitnið gizkaði á, að

orsök þess, að steinninn losnaði, hafi verið hristingur frá bifreiðinni eða að steinninn hafi losnað vegna hitabreytinga. Vitnið tók fram, að hífingar hefðu ekki staðið yfir, er slysið vildi til. Vitnið kveður Skafta Skaftason verkstjóra ekki hafa verið á staðnum, er slysið vildi til, en vinnu hafi verið hagað, eftir því sem venja var til, enda hafi verkamennirnir verið vanir vinnu þessari.

Stefnandi hefur við yfirheyrslu hér fyrir dóminum mótmælt því að hafa heyrt nokkur aðvörunarköll frá vitninu Sveini Sigurði Haraldssyni um, að margnefndur steinn væri að losna.

Vitnið Hreinn Kristinsson hefur skýrt svo frá, að það hafi unnið í sama vinnuflokki og stefnandi, er slysið vildi til. Kveðst það hafa unnið með stefnanda niðri í nefndum skurði við að setja grjót, er sprengt hafði verið, í net og stroffur. Hafi truckur með bómu framan á verið notaður til þess að draga grjótið upp úr skurðinum. Ekki kvaðst vitnið muna það lengur ljóslega, hvernig aðstaða þeirra hafi verið, þegar þeir stefnandi voru að bisa við steinninn, en telur líklegt, að það hafi verið að smokka vírlykkju undir steinninn, meðan stefnandi hafi haldið honum uppi, enda hafi þeir skipzt á að bregða á og lyfta steinum þarna í skurðinum. Vitnið taldi, að stefnandi hefði ekki á neinn hátt sýnt af sér gáleysi við framkvæmd verksins. Vitnið segir slysið hafa viljað til með þeim hætti, að steinn hafi allt í einu hrunið úr bakkanum og lent á þumalfingri vinstri handar á stefnanda með framangreindum afleiðingum. Vitnið kveður bómu bílsins hafa verið mjög stutta og hafi hann því orðið að standa afar tæpt á skurðbakkanum, og telur vitnið, að þetta hafi ásamt þunga bílsins orsakað steinlosið. Vitnið kvaðst ekki muna, hvar bifreiðin stóð, er slysið varð, en taldi líklegast, að hún hafi verið við bakkabrunina, en tekur fram, að lyfting hafi ekki staðið yfir, er steinninn datt. Vitnið kvað skurðinn hafa verið minnsta kosti eitthvað á aðra mannhæð á þeim stað, er slysið varð, og net hafi ekki verið notað á skurðbökkunum til þess að verja þá hruni. Vitnið kvað mann oftast nær hafa staðið á bakkanum, er grjót var dregið upp, en man ekki, hvort svo var í þetta sinn. Ekki mundi vitnið heldur, hvort fleiri menn voru í skurðinum en það og stefnandi, er slysið varð. Vitnið segir, að þeim hafi engin aðvörun verið gefin um það, að steinninn væri laus. Vitnið kveður verkstjóran ekki hafa verið á vinnustaðnum, er margnefnt slys vildi til, en þeir hafi hitt hann í vinnuskúr skammt frá strax eftir slysið.

Vitnið Skafti Skaftason hefur skýrt svo frá, að það hafi verið verkstjóri hjá stefnda á Keflavíkurflugvelli og m. a. stjórnað framkvæmd þess verks, er hér um ræðir. Vitnið kveður skurðinn hafa verið grafinn með vélskóflu og hafi hann verið um það bil 3 m, þar sem slysið varð, en þar eð sú dýpt hafi eigi verið talin nægileg, hafi nauðsyn borið til að sprengja klöpp í botni hans til frekari dýpkunar. Eftir að búið var að sprengja klöppina, kveður vitnið lausagrjót hafa verið híft upp af bifreið með bómu framan á. Vitnið telur slysið hafa orsakast af því, að bakkinn hafi ekki polað þunga bómu-bílsins, þegar honum var ekið fram á bakkabrúnina, og við það hafi fallið úr bakknum á stefnanda. Vitnið segir, að frost hafi verið nóttina áður, en minnir, að veður hafi verið mildara daginn, sem slysið varð. Telur vitnið, að bakkinn hafi verið lausari í sér af þessum sökum. Vitnið kveður hlífðarnet ekki hafa verið notað á skurðbakkana, meðan unnið var niðri í skurðinum, en til öryggis hafi verið farið með járnkarla á skurðbakkana og hinu lausta verið rutt niður.

Vitnið segir það hafa verið algengt að setja vírstroffur á stóra steina, og hafi oft tveir til þrír menn gert það saman, einn eða tveir menn hafi þá lyft steininum, stundum með járnkörlum, en aðstoðarmaður brugðið á á meðan.

Þegar eftir slysið var stefnanda ekið til Keflavíkur. Þar náðist ekki í lækni, svo að farið var aftur með hann upp á Keflavíkurflugvöll og þar gert til bráðabirgða að hinum lemstraða fingri á herspítala staðarins. Að því búnu var stefnandi fluttur á Landspítalann, og var þar tekið framan af fingrinum.

Hinn 20. apríl 1954 skoðaði Bergþór Smári tryggingayfirlæknir stefnanda og mat örorku hans af völdum slyssins. Í staðfestu afriti þessa örorkumats, dags. 5. ágúst 1959, segir svo, að loknum inngangsorðum: „.... Slasaði var að verkamannavinnu á Keflavíkurflugvelli, er slysið varð. Varð þumalfingur vinstri handar milli tveggja steina, og brotnaði og marðist fingurinn svo, að fremsti köggullinn hékk aðeins á beygisininni. Var gert að sárum slasaða í Landspítalanum og þar tekinn burtu fremsti köggullinn og fjórði hluti næst-fremsta kögguls. Skoðun 20. apríl 1954: Vinstri hönd: Fremsti köggull og einn fjórði af næst-fremsta köggli þumalfingurs er numið brott. Örið er vel gróið, en dálítið aumt. Tímabært telst að meta varanlega örorku slasaða af völdum nefnds slyss, og telst hún hæfilega metin: 15%.“

Stefnandi byggir stefnukröfur sínar á því, að stefndi sé bóta-

skyldur gagnvart honum, vegna þess að eigi hafi verið gætt þeirrar varúðarráðstöfunar að hafa hlífðarnet á skurðbökkunum, er menn voru að vinnu niðri í skurðinum. Ósannað sé, að aðvörunarmerki hafi verið gefið um, að steinninn væri að losna í skurðbakkanum, sbr. framburð þeirra stefnanda og Hreins Kristinssonar hér að framan. Að lokum bendir stefnandi á, að stefndi hafi ekki hlutazt til um rannsókn á atvikum að slysinu, eins og honum hafi borið skylda til samkvæmt 26. gr. laga nr. 23/1952, og beri því allur vafi um sönnunaratrði að koma stefnda í koll. Af þessu megi ljóst vera, að stefndi sem atvinnurekandi beri fulla ábyrgð á slysinu, enda verði stefnanda á engan hátt um það kennt.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að yfirgnæfandi líkur séu fyrir því, að slysið hafi orðið fyrir óhappatilviljun eða óaðgæzlu stefnanda sjálfs, enda hafi hann haft nægan tíma til að gaumgefa allar aðstæður fyrir slysið og þar með forða því, þar sem lyfting hafi ekki staðið yfir, er óhappið vildi til. Stefndi hefur eindregið andmælt því, að nokkuð hafi á skort af hans hálfu um öryggi og eftirlit á slysstað.

Stefndi kveður það rétt, að slysið hafi ekki verið tilkynnt Öryggiseftirliti ríkisins, en hins vegar hafi Tryggingastofnunin verið látin um það vita, og telur stefndi, að sú stofnun hefði átt að vekja athygli hans á því, að tilkynna bæri Öryggiseftirlitinu slysið, þar eð lögin nr. 23/1952 hafi þá verið tiltölulega nýgengin í gildi og því ekki verið farin að verka fullkomlega, auk þess sem 26. gr. þeirra laga, er kveði á um tilkynningarskylduna, sé fyrst og fremst sett til hagsbóta fyrir Tryggingastofnun ríkisins. Að þessu athuguðu telur stefndi, að hann eigi ekki að bera hallann af vafa um sönnunaratrði, þótt hann hafi ei gætt tilkynningarskyldu sinnar, enda hafi því fyrst með dómi Hæstaréttar, upp kveðnum 14. febrúar 1958, verið slegið föstu, að atvinnurekandi skyldi jafnan bera hallann af sönnunarskorti um atvik að slysi, ef hann vanræki að gæta 26. gr. laga nr. 23/1952.

Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi dregið óhæfilega lengi að höfða bótamál þetta, þrátt fyrir það, að afleiðingar slyssins væru augljósar frá upphafi og örorkumat hafi legið fyrir þegar um vorið 1954. Það hafi hins vegar fyrst verið 5½ ári eftir slysið, að stefnandi bar fram bótakröfu sína. Þessi dráttur sé vítaverð misnotkun á hinum langa fyrningarfresti, er um þessar bótakröfur gildi, og hafi stefndi jafnvel verið farinn að ætla,

að stefnandi væri fallinn frá öllum kröfum á hendur honum vegna slyssins, enda hafi stefnandi haft góða vinnu hjá stefnda um tæpra tveggja ára skeið eftir margnefnt slys og þá aldrei hreyft þessu máli.

Skurður sá, er hér um ræðir, var það djúpur, að verkamönn-um þeim, er niðri í honum unnu, var mikil hætta búin, ef grjót féll úr bökkum hans. Það hefði því verið sjálfsögð öryggisráð-stöfun af hálfu stefnda að koma fyrir neti á skurðbakkana til að fyrirbyggja þessa hættu.

Stefndi vanrækti að tilkynna slysið til Öryggiseftirlits ríkisins, sbr. 26. gr. laga nr. 23/1952, og verður því að bera hallann af vafa um sönnunaratriði, enda voru greind lög löngu gengin í gildi, er slysið varð. Ósannað er, að stefnandi hafi verið aðvar-aður, áður en slysið vildi til. Verður því ekki talið, að honum verði á nokkurn hátt kennt um slys það, er hann varð fyrir.

Að þessu athuguðu þykir stefndi eiga alla sök á slysinu, og ber honum að bæta stefnanda að fullu tjón það, er hann hefur beðið af völdum þess, enda verður ekki talið, að bótaréttur stefnanda sé niður fallinn sakir tómlætis.

Stefnandi hefur sundurliðað kröfu sína þannig:

1. Örorkubætur samkvæmt útreikningi trygginga-fræðings, kr. 183.342.00, sem að frádregnum bótum frá Tryggingastofnun ríkisins, kr. 19.778.83 gera kr. 163.563.17
2. Bætur fyrir þjáningar, óþægindi og lýti — 25.000.00
3. Bótaútreikningur — 600.00

Samtals kr. 189.163.17

Verða nú hinir einstöku kröfuliðir teknir til athugunar.

Um lið 1.

Stefnandi hefur fengið Guðjón Hansen tryggingafræðing til að reikna út atvinnutjón sitt á grundvelli þess örorkumats, er rakið hefur verið hér að framan. Samkvæmt útreikningi hans, dags. 5. október 1959, er stefnandi talinn fæddur 22. október 1934 og hefur því verið 19 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Vegna aldurs stefnanda tekur tryggingafræðingurinn fram, að vart sé unnt að miða við tekjur stefnanda fyrir slysið, þegar áætlað sé frambúðartap vinnutekna. Með tilliti til þessa virðist tryggingafræðingnum tvær leiðir koma til greina við áætlun tekna, en þ. e., að styðjast annað hvort við tekjur stefnanda eftir slysið eða miða við meðaltekjur verkamanna.

A. Meðaltekjur verkamanna.

Miðað við 48 stunda vinnuviku og 48 vinnuvikur á ári auk orlofs, reiknast tryggingafræðingnum svo til, að árstekjur dagsbrúnarverkamanna nemi kr. 50.481.00, er útreikningurinn var gerður, en hafi numið kr. 35.338.00 árið, sem slysið vildi til. Síðan hefur tryggingafræðingurinn miðað við þessar meðaltekjur að öðru leyti en því, að á 20. ári gerir hann ráð fyrir því, að tekjur séu 90% af tekjum fullorðinna og 95% á 21. aldursári, og reiknast honum þá verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 107.685.00.

B. Meðaltekjur kvæntra verkamanna í Reykjavík.

Á vegum Hagstofu Íslands hefur farið fram úrtaksrannsókn á meðaltekjum kvæntra verkamanna í Reykjavík árin 1951—1958, og telst tryggingafræðingnum svo til, að tekjur þeirra séu 18.96% hærri en tekjur, sem eingöngu eru miðaðar við dagvinnukaup verkamanna. Miðað við þessar tekjur, reiknað á sama hátt og undir A-lið, telst honum verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 128.102.00.

C. Vinnutekjur stefnanda eftir slysið.

Þá hefur tryggingafræðingurinn reiknað út atvinnutjón stefnanda, miðað við tekjur hans árin 1955 og '56, og umreiknað þær með tilliti til breytinga á Dagsbrúnarkaupi, en þá verður útkoman sem hér segir:

Ár	vinnutekjur	umreiknað pr. 1/10 '59
1955	kr. 82.735.00	kr. 106.460.00
1956	— 57.087.00	— 65.436.00

Meðaltal kr. 85.948.00

Síðan miðar tryggingafræðingurinn við meðalárstekjurnar, kr. 85.948.00, frá 1/2 1959, og reiknar með breytingum aftur í tímann í hlutfalli við breytingarnar í A-lið hér að framan, og telst honum þá verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi nema kr. 183.342.00.

Hinn mikli mismunur á niðurstöðutölum í A-lið og C-lið stafar aðallega af hinum háu tekjum stefnanda árið 1955.

Tryggingafræðingurinn lét þess getið, að hann hefði reiknað með 15% tapi vinnutekna frá slysdegi, en hvorki tekið tillit til meira orkutaps fyrst eftir slysið né til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins. Önnur atriði í reikningsgrundvellinum eru 6% aktíftöflur, samræmdar eftirlifendatöflum íslenskra karla árin 1941—1950.

Stefnandi hefur krafizt bóta undir þessum lið samkvæmt C-liðnum í útreikningi tryggingafræðingsins hér að framan, en jafnframt krafizt þess, að tekið verði tillit til þess við ákvörðun bóta, að tryggingafræðingurinn hefur ekki reiknað með 100% orkutapi fyrst eftir slysið, heldur aðeins hinni varanlegu örorku — 15% — allan tímann. Samkvæmt framburði stefnanda hér fyrir dóminum var hann óvinnufær í um það bil 6 vikur eftir slysið, en fékk greitt einnar viku kaup hjá stefnda á þessu tímabili. Ber að hafa þetta í huga við ákvörðun bóta.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum. Sérstaklega hefur hann mótmælt því, að hinar háu tekjur stefnanda árið 1955 verði lagðar til grundvallar við útreikning örorkubótanna. Og beri fremur að miða við meðaltekjur verkamanna, enda séu tekjur stefnanda árið 1956 í samræmi við þær. Enn fremur bendir stefndi á, að möguleikar stefnanda til að stunda arðbæra verkamannavinnu séu því sem næst óskertir þrátt fyrir slysið, sbr. tekjur hans þessi tvö ár eftir slysið, og sama gildi um margar aðrar atvinnugreinar.

Samkvæmt skattframtölum stefnanda hafa atvinnutekjur hans árið eftir slysið numið sem hér segir: Árið 1955 kr. 82.735.00, árið 1956 kr. 57.087.00, árið 1957 kr. 51.086.00 og árið 1958 kr. 65.856.00.

Þegar litið er til þessara skattframtala stefnanda, þykir bera að lækka nokkuð útreikning tryggingafræðingsins á atvinnutjóni hans, og ber þá jafnframt að hafa í huga, að vextir í þjóðfélaginu eru almennt hærri en tryggingafræðingurinn reiknar með og að bætur þessar verða ekki taldar stefnanda til tekna við álagningu tekjuskatts og útsvars. En auk þess ber að taka tillit til, að verðlag í landinu hefur hækkað nokkuð síðan áætlað atvinnutjón stefnanda var reiknað út.

Þegar öll þau atriði eru virt, er nú hafa verið rakin, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega áætlaðar kr. 130.000.00, og hafa þá verið dregnar frá bætur þær, er stefndi hefur fengið greiddar hjá Tryggingastofnun ríkisins, svo og vikukaup það, er stefndi greiddi honum eftir slysið.

Um 2. lið.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfulið sem allt of háum og telur, að kr. 4.000.00 séu hæfilega ákveðnar bætur samkvæmt honum.

Hér að framan hefur meiðslum stefnanda verið lýst og sjúkra-

saga hans rakin. Lagðar hafa verið fram myndir í málinu af hinni lemstruðu hendi. Á þeim sést, að einungis er eftir lítill stúfur af þumalfingri vinstri handar. Hefur þetta í för með sér veruleg lýti. Að því er þjáningar og óþægindi varðar, þá hefur stefnandi borið fyrir dóminum, að hann hafi haft þrautir í fingrinum vegna slyss þessa, og ennþá sé fingurinn mjög næmur fyrir kulda og viðkvæmur við átök og snertingu. Þegar það er virt, er nú hefur verið rakið, þykja bætur samkvæmt þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 20.000.00.

Um 3. lið.

Þessi kröfuliður hefur ekki sætt tölulegum andmælum, og verður hann því tekinn til greina að fullu.

Úrslit málsins samkvæmt framansögðu verða því þau, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda kr. 150.600.00.

Stefnandi dró óhæfilega lengi að reka réttar síns í máli þessu, og þykir því ekki rétt að dæma honum vexti frá slysdegi, heldur miða upphaf vaxta við 7. ágúst 1959, en þá krafði stefnandi stefnda fyrst um greiðslu bóta vegna slyssins, og verður stefndi dæmdur til að greiða honum 6% ársvexti frá þeim degi til greiðsludags.

Þá ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 13.900.00.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndi, Sameinaðir verktakar h/f, greiði stefnanda, Guðbrandi Guðmundssyni, kr. 150.600.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 7. ágúst 1959 til greiðsludags og kr. 13.900.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
